



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Afglæpavæðing neysluskammta

Hvað er einn skammtur?

Róbert Theodórsson

Lögreglu- og löggæslufræði deild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020

Afglæpavæðing neysluskammta

Hvað er einn skammtur?

Róbert Theodórsson

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinandi:
Rannveig Þórisdóttir

Lögreglu- og löggæslufræði deild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, Maí 2020

Titill: Aflæpavæðing neysluskammta: Hvað er einn skammtur?

Stuttur titill: Aflæpavæðing neysluskammta

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2020 Róbert Theodórsson

Öll réttindi áskilin

Lögreglu- og löggæslufræði deild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Róbert Theodórsson, 2020, bakkalárprófsverkefni, Lögreglu- og löggæslu deild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 32 bls.

Prentun: Akureyri, Ísland

Akureyri, Maí, 2020

Ágrip

Markmið ritgerðarinnar er að kanna ólíkar nálganir á afglæpavæðingu fíkniefna til þess að komast betur að því hverju huga þarf að þegar rætt er um mögulega afglæpavæðingu neysluskammta hér á landi. Leitast var við því að svara hvað neysluskammtur sé í raun og veru. Skoðað var þróun fíkniefnalöggjafar í heiminum ásamt því að skoða kenningar klassíska- og pósitífska skólans með tilliti til refsinga. Það var gert til þess að sjá hvernig þróunin hefur verið og að sjá hvaða nálganir þjóðir hafa tekið í fíkniefnastefnum sínum en það voru hamlandi- og skaðaminnkandi nálgun. Hefur þróunin verið í átt frá hamlandi stefnum sem einkennast af hörðum refsingum fyrir fíkniefnabrot yfir í skaðaminnkandi stefnur sem taka á neytendum sem sjúklingi frekar en glæpamanni. Í ljósi þeirrar þróunar hafa fjölmargar þjóðir ýmist afglæpavætt neysluskammta eða lögleitt fíkniefni, því var gerð grein fyrir efnislega muninum á afglæpavæðingu og lögleiðingu fíkniefna.

Með þetta til hliðsjónar voru fjórar þjóðir skoðaðar sem tekist hafa á við fíkniefnavandann með mismunandi aðferðum, skoðað var hvaða aðferðum þær beittu og þann árangur sem náðst hefur í hverju landi fyrir sig ásamt því að löndin voru borin saman hvað varðar neyslu fíkniefna og dánartíðni meðal fíkla.

Einnig var þróun fíkniefnalöggjafar á Íslandi skoðuð en samskonar viðhorfsbreyting hefur átt sér stað hér á landi og víðar í heiminum þar sem skaðaminnkandi stefna hefur rutt sér til rúms. Að lokum voru gögn frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um haldlagningu fíkniefna notuð til þess að sjá hvernig lögreglan hefur skilgreint neysluskammta í verki. Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að ef miða á við meðalmagn sem haldlagt var á síðasta áratugi sé neysluskammtur maríjúana 11,5 grömm, kókaíns 1,5 grömm, amfetamíns 3,1 gramm og ecstasy 1,2 grömm.

Abstract

The aim of this thesis is to explore different approaches to decriminalization of drugs in order to better understand what needs to be taken into consideration when discussing the possibility of decriminalizing drugs for personal use in Iceland. An attempt is made to understand who large a personal use dose actually is.

The evolution of drug legislation worldwide was examined, as well as a look was taken into the theories of the classical and positive schools as it attains to punishment, to get a clearer idea of the evolution of drug legislation and the approaches used by states to combat the drug problem. The two most used approaches are restrictive and harm reduction, the progression has been going away from the restrictive approach with harsher penalties for drug related offences towards a more accepting harm reduction approach which treats the user as a patient instead of a criminal. In light of that progression, many nations have turned to either decriminalization of personal use doses of drugs or legalization, therefore it was necessary to explain the substantive difference between decriminalization and legalization.

Four countries which took different approach to handling the drug problem were examined with regards to each countries efficiency in combating the problem, as well as the drug use and mortality rates among addicts were compared to better understand the scope of the problem in each country.

The evolution of drug legislation in Iceland was also examined, and it became apparent that similar attitudes have arisen in Iceland to those of other countries where the use of harm reduction methods have become more prevalent.

Finally, data from Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu on drug seizures was used to see how the police have defined a personal use dose in actuality. The results of the thesis show that, based on the average quantity per seizure over the last decade, a personal use of marijuana is 11,5 grams, cocaine is 1,5 grams, amphetamine is 3,1 grams and ecstasy is 1,2 grams.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	15
2	KENNINGARLEG NÁLGUN REFSINGA	16
2.1	KLASSÍSKI SKÓLINN	16
2.2	PÓSITÍFÍSKI SKÓLINN	17
3	UPPHAF FÍKNIEFNALÖGGJAFAR	19
3.1	FÍKNIEFNI TIL EINKANEYSLU	20
4	HELSTU STEFNUR	21
4.1	SKAÐAMINNKANDI STEFNA.....	21
4.2	HAMLANDI STEFNA	22
4.3	AFGLÆPAVÆÐING EÐA LÖGLEIÐING	23
5	FÍKNIEFNASTEFNUR ANNARRA ÞJÓÐA	25
5.1	NOREGUR	25
5.2	SVÍÞJÓÐ.....	26
5.3	HOLLAND.....	27
5.4	PORTÚGAL	28
5.5	SAMANBURÐUR Á LÖNDUNUM	30
6	FÍKNIEFNI Á ÍSLANDI	32
6.1	UPPHAF FÍKNIEFNALÖGGJAFAR Á ÍSLANDI	32
6.2	NÚVERANDI FÍKNIEFNALÖGGJÖF OG VIÐHORF ÍSLENDINGA.....	33
7	FÍKNIEFNAMARKAÐURINN Á ÍSLANDI	34
7.1	TEGUNDIR EFNA	35
8	NIÐURSTÖÐUR	38
9	UMRÆÐA	43
	HEIMILDASKRÁ	45

Myndayfirlit

Mynd 1: Fjöldi haldlagninga eftir efnunum á árunum 2010 til 2019	38
Mynd 2: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem amfetamín var til staðar og það magn sem oftast var tekið.	39
Mynd 3: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem kókaín var til staðar og það magn sem oftast var tekið	39
Mynd 4: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem ecstasy (MDMA) var til staðar og það magn sem oftast var tekið	40
Mynd 5: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem maríjúana var til staðar og það magn sem oftast var tekið	41
Mynd 6: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem hass var til staðar og það magn sem oftast var tekið	42

1 Inngangur

Mikil umræða hefur verið um fíkniefnalöggjöf á síðustu árum og áratugum. Fyrstu lög um ávana- og fíkniefni voru sett snemma á 19. öld þar sem þjóðir heims náðu saman um það að fíkniefnaneysla væri stórt samfélagslegt vandamál sem taka þyrfti á.

Flestir Íslendingar eru sammála um það að fíkniefnavandinn sé einn helsti vandi sem við glímum við hér á landi (Helgi Gunnlaugsson, 2013) en þó hefur fólk verið ósammála um það hvernig best sé að takast á við þann vanda. Hingað til höfum við fylgt hamlandi stefnu í fíkniefnamálum með hörðum refsingum við slíkum brotum, stefna sem er að miklu leyti byggð á nálgun Bandaríkjamanna og svokallaða „stríði gegn fíkniefnum“. Hinsvegar hafa sífellt fleiri kallað eftir breytingum í fíkniefnalöggjöf Íslands þar sem fátt bendi til þess að harðar refsingar dragi úr þeim vanda sem fíkniefni valda í samfélaginu (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Mikið hefur verið rætt um mögulega afglæpavæðingu neysluskammta fíkniefna hér á landi og þá oft vitnað í þeir jákvæðu afleiðingar sem slík löggjöf hefur haft í löndum eins og Hollandi og Portúgal. En það nægir ekki bara að skoða strauma og stefnum ef gera á breytingar þá þarf að skoða útfærslur og nálgun og máta það að okkar samfélagi. Hér er markmiðið að skoða ólíka nálgun í afglæpavæðingu fíkniefna með það að leiðarljósi að svara þeirri spurningu hvernig skilgreina megi neysluskammt ef ákveðið verður að afglæpaveiða þá hér á landi.

Í þessari ritgerð skoða ég hugmyndir afbrotafræðinnar um refsingar og þá sérstaklega hvað varðar refsingar fyrir fíkniefnabrot. Í byrjun eru helstu kenniskólar refsinga innan afbrotafræðinnar skoðaðir. Næst verður farið yfir sögu fíkniefnalöggjafar, á heimsvísu og hér á landi. Í þriðja kafla verða teknar fyrir fíkniefnastefnurnar tvær, hamlandi og skaðaminnkandi, ásamt því að farið verið yfir muninn á afglæpavæðingu og lögleiðingu fíkniefna. Í fjórða kafla verður umfjöllun um fíkniefnastefnu Íslands, hvernig hún hefur þróast og viðhorf almennings. Síðan verður farið yfir þau fíkniefni sem aðallega eru til skoðunar og áhrif þeirra. Í sjötta kafla verða síðan teknar fyrir fjórar þjóðir með mismunandi stefnur í fíkniefnamálum, Noregur, Svíþjóð, Holland og Portúgal, og þau borin saman til að fá betri mynd af áhrifum þeirra stefna sem þjóðirnar aðhyllast. Að lokum verður Ísland tekið fyrir, skoðuð verður staðan hér á landi hvað varðar neyslu fíkniefna, hvaða efni það eru sem mest er neytt hér á landi ásamt því að skoða hvað lögreglan hefur skilgreint sem neysluskammta með notkun gagna um haldlagningu fíkniefna síðasta áratug.

2 Kenningarleg nálgun refsinga

2.1 Klassíska skólinn

Samkvæmt kenningum klassíska skólans eru manneskjur skynsemisverur og framkvæmir einstaklingur einungis glæpsamlegt athæfi eftir að hafa velt fyrir sér kostum og göllum þess og dæmt það sem svo að ávinningurinn af glæpnum sé meiri en mögulegar neikvæðar afleiðingar. Þar af leiðandi má gefa sér að einstaklingur sem smygli inn til landsins og selji fíkniefni hafi tekið ákvörðun um að gera það út frá því að mögulegur hagnaður af sölu fíkniefnanna vegi talsvert þyngra en handtaka og fangelsisvist ef hann yrði gripinn (Siegel, 2009). Ef fíkniefnaneytendur eru skoðaðir með hugmyndir klassíska skólans til hliðsjónar má ætla að þeir skipuleggji sína neyslu þannig að þeir hámarki hagnað sinn og lágmarki neikvæðar afleiðingar. Hagnaðurinn í því tilviki er þá víman sem neyslan veitir á meðan mögulegt tjón er handtaka eða fangelsisvist ef upp um hann kemst. Háttar neytandinn því neyslu sinni þannig að lágmarkslíkur séu á því að nokkur verði var við neysluna og hann sleppi þar af leiðandi við það tjón sem hlytist af því (Siegel, 2009).

Kennismiðir klassíska skólans trúðu því að að hægt væri að stjórna glæpahegðun einstakling með refsingum. Til þess að refsingar skili tilsettum árangri verða lögin að vera skýr og sanngjörn. Refsingar verða þannig að vera í samræmi við brotið og því er ekki hægt að hafa samskonar refsingu fyrir mis alvarleg brot, t.d. væri rangt samkvæmt klassíska skólanum að dæma einstakling sem tekinn er fyrir vörslu neysluskammts fíkniefna til samskonar refsingar og þann sem tekinn var fyrir smygl á 20 kg. af fíkniefnum sem ætluð eru til dreifingar og sölu (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Til þess að hafa stjórn á afbrotum í samfélaginu þarf að sjá til þess að refsingin henti glæpnum og að nægilegur fælingarmáttur felist í henni svo einstaklingar telji mögulegt tjón vera meira en mögulegan gróða af því að fremja afbrot sem leiðir síðan til þess að afbrotatíðni lækkar (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Út frá þessu sjónarhorni þarf réttarvörslukerfið því að vera öflugt til að draga úr afbrotum því þannig vegur fyrirhöfn brotamannsins og litlar líkur á að komast upp með athæfið þyngra en ávinningur af brotinu. Slík nálgun getur einnig virkað sem forvarnir fyrir aðra sem mögulega eru að íhuga að fremja slík brot sjálfir (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Eigi að tryggja að fælingarmáttur refsinga sé til staðar þarf sérstaklega að huga að þrennu. Refsiþyngd, að skaðinn sem brotið olli ráði refsingunni. Refsivissu, tryggja þarf að sé einstaklingur gripinn við það fremja afbrot hljóti

hann refsingu fyrir það brot. Refsiflyti, það má ekki líða of langur tími milli þess sem afbrotið átti sér stað og þar til dómur er kveðinn upp og refsing ákveðin (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

Ef afbrotatíðni í ákveðnum brotaflokkum er há þýðir það einfaldlega að fælingarmáttur refsinga í þeim brotaflokkum sé ekki nægilega mikill í samanburði við þann ávinning sem brotið leiðir af sér. Þarf þá að þyngra refsingar svo einstaklingar meti það sem svo að mögulegur kostnaður vegi þyngra en mögulegur hagnaður og forðist þar af leiðandi brotahegðun. Ábyrgð brotamanna á eigin hegðun ásamt maklegum málagjöldum eru áberandi sjónarmið klassíska skólans. Þó eru þeir glæpamenn til sem fælingarmáttur refsinga virðist ekki hafa áhrif á og er því áhrifaríkast að taka þá einstaklinga úr umferð til að koma í veg fyrir frekari brot af þeirra hálfu (Helgi Gunnlaugsson, 2008).

2.2 Pósitífíski skólinn

Samkvæmt kenningum pósitífísku skólans bera glæpamenn allir með sér einhvers konar líkamlega eða andleg einkenni sem gerir það að verkum að þeir eru að öðruvísi og afbrigðilegir. Frá því á 19. öld hafa sérfræðingar haldið því fram að slík einkenni geti haft áhrif á hegðun og ákvörðunartöku einstaklinga, hjá sumum eru þetta einkenni sem myndast við fæðingu og hafa áhrif á félagslega virkni og hegðun þeirra í gegnum lífið (Siegel 2009). Þessi líkamlegu eða andlegu einkenni geta einnig útskýrt hvers vegna sumir einstaklingar fremja glæpi en ekki aðrir við sömu aðstæður. Þegar misnotkun fíkniefna er til dæmis skoðuð má ætla að einhver líkamleg og andleg einkenni geri það að verkum að sumir séu líklegari en aðrir til að neyta og ánetjast fíkniefnum. Til að mynda er talið að tengsl séu á milli slæmrar félagslegrar virkni einstaklings og aukinna líkna á frávíkshæðun og neyslu fíkniefna (Siegel, 2009).

Samkvæmt kenningu Cesare Lombroso eru mörg líkamleg einkenni sem aðskilja glæpamenn frá öðrum einstaklingum, einkenni sem eiga meira skylt með frummönnum eða öpum en öðru fólki. Hann rannsakaði höfuð glæpamanna og taldi þau vera öðruvísi en hjá öðrum að ýmsu leyti, enni glæpamanna voru samkvæmt honum aflíðandi, eyru þeirra voru stór, þeir voru með þykkt hár, þunnt skegg, útstæða höku og breiða kjálka (Ramsland, 2009; Siegel, 2009). Þeir séu því dæmdir til þess að vera glæpamenn vegna líkamlegra einkenni sinna, sem eru afturhvarf í þróun manna. Þessir einstaklingar séu á frumstæðari stigi þróunar og má því segja að þeir fæðist sem glæpamenn og hugsanlega geta þeir ekkert að því gert, sama gildir um neytendur fíkniefna. Þar sem einstaklingarnir fæðast glæpamenn og geta ekkert í því gert taldi Lombroso

að fæling myndi ekki skila árangri heldur þyrfti að læsa þá inni til að vernda samfélagið í heild sinni. Almennt aðhyllast afbrotafræðingar þó ekki að líffræðilegum pósítívisma líkt og í kenningu Lombroso (Ramsland, 2009; Siegel, 2009).

Samkvæmt félagsnáms kenningu Alberts Bandura fæðast einstaklingar ekki með ákveðna eiginleika sem gera það að verkum að þeir séu líklegri til að verða glæpamenn heldur sé það hegðun sem lærd er í gegnum lífsreynslur, annaðhvort í gegnum reynslu eða með því að fylgjast með hegðun annarra (Siegel, 2009). Sú hegðun sem hlýtur umbun er styrkt, og einstaklingurinn er líklegri til að halda henni áfram, á meðan hann losar sig við þá hegðun sem refsað er fyrir. Yfirleitt er þessi hegðun lærd af þeim sem standa einstaklingnum næst, eins og fjölskyldumeðlimum eða vinum. Hegðunin getur einnig verið lærd með því að fylgjast með karakterum í sjónvarpi eða kvikmyndum (Bandura, 1973). Ef einstaklingurinn er því í kringum glæpamenn í umhverfi þar sem slíkri hegðun er umbunað frekar en refsað er hann líklegari til þess að leiðast út í glæpsamlegt athæfi sjálfur. Þó ekki sé sérstaklega fjallað um fíkniefnaneyslu í félagsnáms kenningunni má leiða líkur að því að það sama gildi um neyslu og önnur brot, ef slíkri hegðun er umbunað er líklegra að einstaklingurinn prufi fíkniefni og haldi því síðan áfram svo lengi sem hann hlýtur ekki refsingu frá öðrum í nærumhverfi sínu (Bandura, 1973). Er það líkt kenningu Gabriel Tarde um félagslegan pósítívisma sem gengur út á það að samfélagslegir og einstaklingsbundnir þættir hafi áhrif á það hverjir brjóti reglur samfélagsins. Því skiptir miklu máli að láta refsingu taka mið af stöðu einstaklingsins (Ramsland, 2009; Siegel, 2009).

3 Upphaf fíkniefnalöggjafar

Fyrstu tilraunir til þess að banna viðskipti fíkniefna má rekja til ársins 1909 þegar alþjóðleg ráðstefna um vímuefni var haldin í Shanghai þar sem rætt var um aðgerðir til að draga úr ópíumneyslu sem þá var orðið stórt vandamál á heimsvísu (Musto, 1997). Í framhaldi þess var ráðstefna haldin í Haag árið 1912 þar sem 12 þjóðir samþykktu að þær skyldu setja lög til þess að hefta verslun með ópíum ásamt því að setja á áætlun til að koma í veg fyrir neyslu ópíum og annara skyldra efna eins og heróíns, morfíns og kókaíns (Ómar H. Kristmundsson, 1985).

Það var ekki fyrr en 13 árum seinna, eða árið 1925, sem kannabisefnum var bætt við þann lista efna sem talin voru ólögleg, en miklar deilur áttu sér stað þar sem ósætti var á meðal þjóða um hvaða afleiðingar slíkar breytingar hefðu í för með sér. Ýmsir óttuðust að með því að banna kannabis myndi neysla áfengis aukast og bentu á kannabis þjónaði bæði félagslegum og trúarlegum tilgangi víðsvegar um heiminn (Ómar H Kristmundsson, 1985).

Sökum þess var sú ákvörðun tekin að sala kannabis yrði einungis gerð ólögleg en neysla yrði ekki bönnuð. Það var síðan ekki fyrr en um 1961 sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu frá sér yfirlýsingu þar sem þjóðir heims voru hvattar til þess að banna neyslu kannabisefna (Sameinuðu þjóðirnar, 2008). Síðan þá hafa þjóðir tekist á varðandi hvaða aðferðir henti best til að takast á við fíkniefnavandann, herja allsherjar stríð gegn fíkniefnum eins og gert var í Bandaríkjunum eða skipta efnum í flokka eftir alvarleika eins og í Hollandi, sem síðar leiddi til afgangunar vægari efna eins og kannabis (Korf, 2002).

Á eftir Bandaríkjamönnum fylgdu fjölmargar þjóðir og herjuðu stríð gegn fíkniefnum, hófu að verja meira fjármagni og tíma í aukna löggæslu ásamt því að refsingar fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfum voru þyngdar. Á síðustu áratugum hafa áherslur í fíkniefnamálum hinsvegar verið að breytast og ýmsar þjóðir endurskoðað stefnur sínar til að bregðast við vandanum á sem bestan hátt (Greenwald, 2009).

3.1 Fíkniefni til einkaneyslu

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn fíkniefnaflutningi frá árinu 1988 var fyrst gerður skýr greinarmunur á fíkniefnabrotum þar sem varsla og kaup fíkniefna til eigin neyslu varð sérstakt brot, og þannig greint frá alvarlegri brotum, eins og smygli eða vörslu fíkniefna til sölu, sem áður féllu undir sama hatt (EMCDDA, 2003).

Erfitt getur verið að gera skýran greinarmun á milli þess hvort fíkniefni eru til eigin neyslu eða eru ætluð til sölu, en öll lönd hafa sín eigin viðmið þar sem brot fara úr því að vera minniháttar brot fyrir vörslu neysluskammta yfir í mögulega sölu. Miklu máli skiptir að draga mörkin á réttum stað vegna þess að ef þau eru of lág getur það orðið til þess að neytendur, sem markmiðið á að vera að aðstoða, séu dæmdir harkalega líkt og fíkniefnasalar, og ef mörkin eru of há getur það gert fíkniefnasölum auðvelt fyrir að halda sinni starfsemi áfram án mikillar afskipta lögreglu eða hættu á að hljóta dóm (EMCDDA, 2003).

Mismunandi er eftir löndum hvaða aðferðir eru notaðar til að ákvarða hver mörkin séu fyrir neysluskammta, ýmist eru mörkin ákveðinn fjöldi skammta, ákveðið magn eða ákveðið magn virkra efna eins og t.d. þegar um er ræða kannabis þá liggja mörkin í magni THC í efnunum í stað grammafjölda efnisins sjálfs. Það sem þjóðirnar eiga sameiginlegt er að megináherslan virðist vera lögð á ætlun þess sem gripinn er frekar en magnið, þar sem lögregluþjónarnir og ákærvaldið nota eigin dómgreind til að taka ákvörðun um hvort grípa þurfi til frekari aðgerða eða ekki (EMCDDA, 2003).

4 Helstu stefnur

4.1 Skaðaminnkandi stefna

Skaðaminnkun er stefna sem snýr að neytendum sjálfum og getur verið til staðar í þjóðum hvort sem lögð er áhersla á refsistefnu eða horft til afglæpavæðingar eða lögleiðingar. Skaðaminnkun snýst í grófum dráttum um það að fagaðilar og lögreglumenn komi fram við neytendur af meiri skilningi og virðingu því neysla fíkniefna sé frekar af völdum veikinda en til að gerast brotlegur við lög. Áhersla er því lögð á að aðgerðir taki mið af því að fíkniefnaneytendur séu sjúklingar sem þarfnist aðstoðar til að glíma við veikindi sín í stað glæpamanna, neytandinn á því að geta leitað sér aðstoðar án hræðslu um að vera dæmdur eða gripinn af lögreglunni (Hughes og Stevens, 2007).

Skaðaminnkandi nálgunin á það sameiginlegt með afglæpavæðingu að með henni er reynt að fjarlægja þann glæpastimpil sem fíkniefnaneytendur fá á sig og draga þar af leiðandi úr þeim neikvæðu félagslegu áhrifum sem slík stimplun getur haft í för með sér (Hughes og Stevens, 2007). Upprunalega var horft til skaðaminnkandi aðferða til að koma í veg fyrir HIV smit meðal sprautufíkla, með því að gefa þeim nýjar sprautur og nálar svo þeir væru ekki að deila þeim sín á milli (Velferðarráðuneytið, 2016). Þessi nálgun hefur hins vegar fengið mun víðari skírskotun síðustu ár og er notuð almennt til að draga úr þeim skaða sem fíkniefnaneysla getur leitt til. Fyrsta slíka verkefni hér á landi var samstarfsverkefni Rauða krossins og Landspítalans, Frú Ragnheiður. En það er gamall sjúkrabíll sem breytt var í einskonar sjúkrastofu, sem keyrt er á milli staða með það að markmiði að veita vímuefnaneytendum þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda frítt og án fordóma (Rauði Krossinn, e.d.).

Gagnrýnendur stefnunnar segja hana vera einskonar uppgjafarmerki stjórnvalda í stríðinu gegn fíkniefnum, í raun sé ekki um annað að ræða en lögleiðingu fíkniefna í fallegum dulbúning. Skaðaminnkandi nálgun hefur rutt sér til rúms að einhverju leyti hér á landi þó ekki beri mikið á því. Þannig hefur ákærvaldið heimild til að bregðast við með öðrum hætti þegar um er að ræða sakborning sem háður er fíkniefnum, t.d. heimildina til að fresta ákæru á hendur einstaklinga ef aðrar úrlausnir eru taldar líklegari til að henta honum betur til að fá úrlausn mála sinna, sá frestur getur verið háður því að einstaklingurinn leiti sér aðstoðar hjá viðeigandi stofnun og megi ekki gerast uppvis að afbrotum né neyta áfengis eða annarra vímuefna meðan á skilorði stendur (lög nr. 22/1955 um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma).

4.2 Hamlandi stefna

Hamlandi stefna er í raun refsistefna í anda klassíska skólans þar sem gert er ráð fyrir því harðar refsingar fyrir fíkniefnabrot sé árangursríkasta leiðin til að vinna gegn fíkniefnaneyslu. Það á einnig við um smávægileg brot eins og vörslu og neyslu vímuefna (Mendes og McDonald, 2001). Ólíkt skaðaminnkandi stefnunni snýst hamlandi stefnan ekki um neytandann sjálfan heldur um samfélagið sem heild, markmiðið er að draga úr heildarneyslu og að fækka eins og mögulegt er þeim einstaklingum sem prófi fíkniefni á einhverjum tímapunkti (Hughes og Stevens, 2007).

Flest Vesturlandanna eru fylgjandi hamlandi stefnu að einhverju leyti þar sem talið er nauðsynlegt að grípa inn í með hörðum aðgerðum til að koma í veg fyrir fíkniefnanotkun, þar sem fíkniefni séu verulega ógnandi fyrir almannaeið (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

Ísland er eitt þeirra landa sem fylgja slíkri stefnu, en dómar hér á landi fyrir fíkniefnabrot eru þungir og lögreglan fjárfestir miklum fjármunum og mannafla í baráttuna gegn fíkniefnum. Árangur þeirrar stefnu má bersýnilega sjá í þeirri staðreynd að um þriðjungur þeirra sem sitja inni í fangelsi á Íslandi hlutu dóm vegna fíkniefnatengdra brota. Þetta hefur sérstaklega verið að aukast síðustu ár því fyrir um 20 árum sat einn af hverjum 10 í fangelsi vegna slíkra brota. Það getur verið vegna þess að ástæða refsingar er skráð eftir alvarlegasta brotinu sem framið var, eða því broti sem er með mesta refsibýngd, en refsibýngd í fíkniefnamálum hefur vaxið verulega á meðan hún hefur haldist óbreytt fyrir ofbeldis- og auðgunarbrot. Einnig getur ástæða þess verið að innflutningur og framleiðsla fíkniefna hér á landi hefur aukist sem þýðir að fleiri eru að stunda stórfelld brot í þessum málaflokki (Helgi Gunnlaugsson, 2018). Mikill stuðningur er þó frá almenningi um að lögreglan beiti sér hart í fíkniefnamálum, meirihluti Íslendinga telur fíkniefnabrot vera með þeim alvarlegustu og erfiðustu hér á landi og styðja því að lögreglan beiti valdheimildum sínum til að upplýsa slík mál (Helgi Gunnlaugsson, 2018). Þá hefur neysla fíkniefna aukist á síðustu árum en er þó óveruleg yfir heildina litið, regluleg neysla fíkniefna greinist þó einungis innan afmarkaðra hópa, líklega hefur hamlandi stefnan sem framfylgt er hér á landi átt þátt í því að halda hlutfall langtíma neytenda eins lágu og raun ber vitni. Einnig getur það verið vegna þess að litið er svo á að gott félagslegt umhverfi eins og flestir Íslendingar upplifa dragi úr líkum á neyslu (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

Vandamálið með hamlandi stefnuna er þó að eftir situr lítill hópur einstaklinga sem glíma við alvarlegan fíknivanda. Þeir fá ekki þá aðstoð sem þeir þurfa nauðsynlega á að halda, ýmist vegna hræðslu þeirra við að vera dæmdir eða því kerfið grípur ekki til viðeigandi ráðstafana. Mikilvægt er að tekið sé á málefnum þeirra með markvissum aðgerðum sem falla yfirleitt undir skaðaminnkandi nálgun (Helgi Gunnlaugsson, 2018).

4.3 Afglæpavæðing eða lögleiðing

Afglæpavæðing hefur ekki eina ákveðna merkingu en felur í sér þá breytingu að hegðun sem áður var talin refsiverð er það ekki lengur. Með afglæpavæðingu neysluskammta er átt við það að ekki sé refsivert að vera með neysluskammt fíkniefna í förum sínum, er þá leyfilegt í flestum tilfellum að kaupa og neyta og eiga smáan skammt fíkniefna til persónulegra nota (Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson, 2014). Litið er á fíkniefnaneyslu sem heilbrigðisvanda og þurfi því að meðhöndla það í heilbrigðiskerfinu í stað dómkerfisins. Þar sem fíkniefni hafa verið afglæpavædd er þeim einstaklingum sem gerst hafa sekir um smávægileg fíkniefnabrot gert að sækja meðferðarúræði eða greiða sekt í stað þess að vera dregnir fyrir dóm (Alþingi, 2019)

Rök með afglæpavæðingu fela yfirleitt í sér það sjónarmið að horfa eigi frekar á þá sem háðir eru fíkniefnum sem sjúklinga fremur en glæpamenn og sé heilbrigðisgeirinn því betur til gerður að sjá um slíka einstaklinga en lögreglan og dómsvaldið. Getur sá sem neytir kannabisefna einnig litið á það sem svo að þar sem hann hafi neytt kannabis sé búið að stimpla hann sem dópista, sé skaðinn því skeður og heldur því frekar áfram fíkniefnaneyslu en sá sem upplifir ekki þá skömm sem fylgir því að fá á sig slíkan stimpil (Bayer, 1991).

Finnst mörgum fræðimönnum að stríðið gegn fíkniefnum sé tapað og augljóst að endurskoða þurfi fíkniefnastefnur til að bregðast við þeim breytingum sem hafa átt sér stað á síðustu áratugum. Til að mynda mæltu Sameinuðu þjóðirnar með afglæpavæðingu í skýrslu sem gefin var út árið 2014 (Helgi Gunnlaugsson Jónas Orri Jónasson, 2015).

Helstu andstæðingar afglæpavæðingar fíkniefna eru í mörgum tilvikum fjölskyldur fíkniefnaneytenda og aðrir sem standa þeim næst. Vilja þau að hægt sé að refsa öllu þeim sem að koma að heimi fíkniefna, hvort sem um er að ræða neytendur, framleiðendur eða sala þar sem megi draga úr bæði framboði og eftirspurn og koma þannig í veg fyrir að ungt fólk prufi

að neyta efna eins og kannabis og leiðist því mögulega í sterkari efni seinna á lífsleiðinni (Bretteville-Jensen, , 2006)

Í lok árs 2018 var framkvæmd rannsókn fyrir Embætti landlæknis sem fjallaði um ólöglega vímuefnanotkun Íslendinga ásamt því að spurt var um viðhorf almennra borga til málefna tengdum vímuefnum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar voru 70% svarenda gegn því að neysla kannabis yrði gerð lögleg hér á landi, sem er þó 8 prósentustigalækkun frá árinu 2012 þegar um 78% voru gegn því. Áhugavert er þó að sjá niðurstöður þess þegar fólk var spurt að því hvort það teldi þá sem háða væru vímuefnum vera afbrotamenn eða sjúklinga. Þannig kom fram í rannsókninni að mikill meirihluti þátttakenda voru sammála því að líta ætti á einstaklinga sem háðir eru vímuefnum sem sjúklinga frekar en afbrotamenn. Má því spyrja sig hvort afglæpavæðing, þar sem tekið er á vandamálum fíkla af heilbrigðisyfirvöldum frekar en dómskerfinu geti skilað árangri (Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, 2019).

Efnislegur munur er á því að afglæpavæða og lögleiða fíkniefni, en ef fíkniefni eru afglæpavædd þá er sú háttsemi ólögleg en þó ekki refsiverð. Ef fíkniefni yrðu lögleidd væri farið með þá á samskonar hátt og áfengi eða sigarettur, ríkisvaldinu yrði gert kleift að hafa eftirlit með sölu og notkun þess (Alþingi, 2019).

5 Fíkniefnastefnur annarra þjóða

5.1 Noregur

Í núverandi fíkniefnastefna Noregs sem er frá 2015, er horft til forvarna, snemmbærra inngripa og meðferða fyrir einstaklinga sem glíma við fíkniefnavanda. Stefnan hefur fimm meginmarkmið:

- i. Tryggja að einstaklingar sem eiga í hættu á að ánetjast fíkniefnum fá aðstoð tímanlega.
- ii. Tryggja raunveruleg jákvæð áhrif meðferða með einstaklingsmiðaðri meðferð þar sem neytandinn fær þjónustu sem er sérsniðin að hans þörfum.
- iii. Tryggja að allir hafi aðgang að fjölbreytum meðferðarleiðum.
- iv. Tryggja að allir einstaklingar lifi virku og þýðingarmiklu lífi.
- v. Að þróa og nota í meiri mæli aðrar leiðir en sektir eða fangelsisvist við minni fíkniefnalagabrotum (EMCDDA, 2019b).

Notkun og varsla neysluskammta vímuefna teljast vera lögbrot í Noregi og varðar sekt eða allt að sex mánaða fangelsi. Eina undantekning á því er notkun kannabisefna í lækningaskyni, en frá árinu 2016 hefur læknum verið heimilað að ávísa ákveðnum sjúklingum lyfjum sem innihalda kannabis (Alþingi, 2019). Neysluskammtur í Noregi telst nú vera 10-15 grömm af kannabis, 5 MDMA töflur, 0,5 grömm af heróíni og 0,5 grömm af kókaíni. Miðað er við að neytandi geti haft á sér 1-2 skammta í einu.

Samkvæmt lögum um fullnustu refsingar er mögulegt fyrir afbrotamenn að vera dæmdir til vistunar á meðferðarstofnun undir eftirliti í stað fangelsisvistar. Ef brotamaðurinn klárar ekki dómskipaða meðferð þurfa þeir að afplána fangelsirefsingu. Samkvæmt stjórnarsáttmála norsku ríkisstjórnarinnar stefna Norðmenn nú að því að fíklum verði veitt aðstoð og meðferð við fíkn sinni í stað refsingar, myndi ábyrgðin því færast frá dómstólum og yfir á heilbrigðiskerfið (Alþingi, 2019).

19. Desember 2019 voru niðurstöður starfshóps sem skipaður var af ríkisstjórn Noregs tilkynntar, hlutverk hópsins var að skoða fíkniefnalöggjöf þar í landi og svara spurningunni hvort tími væri til kominn að afnema refsingar af öllu tagi fyrir vörslu neysluskammta og skikka einstaklinga sem gripnir eru með slíka skammta frekar til að sækja ráðgjöf fagaðila á sviði fíknivandamála (Atli Steinn Guðmundsson, 2019). Tillögur nefndarinnar voru á þá leið að afglæpavæða eigi neysluskammta fíkniefna þar í landi eftir fyrirmynd ríkja eins og Portúgal,

markmiðið er þó engan veginn að lögleiða fíkniefni heldur að finna lausn á því vandamáli sem er til staðar og koma á fyrirkomulagi sem létti álagi af dómskerfinu og löggæslu yfirvöldum í Noregi. Nefndin mælir með því að einstaklingar sem gripnir verði með tiltekið magn af eftirfarandi efnum verði ekki gert að sæta refsingum fyrir þá vörslu: 15 grömm af kannabis, 5 grömm af kókaíni, 5 grömm af amfetamíni, 1 gramm af MDMA, 1dl af GHB, 3 pappur af LSD, 2 kílógrömm af khat, 25 skammta af læknadópi (Atli Steinn Guðmundsson, 2019).

Þessar tillögur fela einnig í sér skerðingu á rannsóknarheimildum lögreglu í fíkniefnamálum, en lögreglunni yrði ekki lengur heimilt að framkvæma húsleit eða leit í símgögnum einstaklings einungis vegna gruns um neyslu ólöglegra fíkniefna. Lögreglan myndi þó enn sinna fíkniefnaeftirliti á hefðbundinn hátt að öðru leyti, með líkamsleitum eða öðrum hætti, og annast það að boða einstaklinga sem þeir grípa með neysluskammt fíkniefna á fund með fíkniráðgjafa í því sveitarfélagi sem neytandinn býr í (Atli Steinn Guðmundsson, 2019).

5.2 Svíþjóð

Svíar aðhyllast hamlandi fíkniefnastefnu og eru með eina ströngustu vímuefnastefnu allra vestrænna landa. Markmið þeirra frá árinu 1977 hefur verið að gera Svíþjóð að fíkniefnalausri þjóð, þeir líta svo á að eftirspurn skapist ef greitt aðgengi er að fíkniefnum sem verði til þess að fleiri prufi og verði háðir efnunum sem síðan leiði til fleiri og stærri samfélagslegra vandamála (Sameinuðu þjóðirnar, 2007). Leiðin að fíkniefnalausum samfélagi er að þeirra mati þrjúþáttað. Í fyrsta lagi þarf að minnka nýliðun hjá þeim sem misnota fíkniefni. Í öðru lagi þarf að hvetja einstaklinga sem eiga í erfiðleikum með vímuefni til að breyta um lífstíl og í þriðja lagi þarf að minnka framboð á fíkniefnum. Kenningin sem Svíar starfa eftir gengur út frá því að kannabisneysla leiði sjálfkrafa til frekari fíkniefnaneyslu, því lífefnafræðilegar breytingar eigi sér stað sem valdi því að neytandinn leiti í önnur, harðari efni (Boekhout van Solinge, 1997).

Samkvæmt sænskri fíkniefnalöggjöf eru varsla og neysla fíkniefna lögbrot og fara viðurlögin eftir alvarleika brotsins sem um ræðir, ekki er tekið fram ákveðin skammt sem fellur undir neysluskammt heldur er alvarleiki brota flokkaður í þrennt: minniháttar, meðal alvarlegt og alvarlegt. Undantekning fyrir því er notkun kannabisefna í lækningaskyni, en læknar þar í landi hafa frá árinu 2012 getað ávísað lyfinu Sativex, sem inniheldur kannabínóíða, til sjúklinga með MS (Alþingi, 2019).

Við mat á alvarleika brots er tegund og magn fíkniefnisins sem brotamaðurinn hafði í vörslu sinni eða neytti haft til hliðsjónar, auk annarra þátta. Minniháttar brot geta varðað sektum eða allt að sex mánaða fangelsi, meðalalvarleg brot geta varðað allt að þriggja ára fangelsi, alvarleg brot varða 2-7 ára fangelsi. Ef um sérstaklega alvarlegt brot er að ræða getur refsing varðað tíu ára fangelsi (Alþingi, 2019).

Erfitt er að meta árangur vímuefnastefnu Svía en þó er hlutfall þeirra sem hafa notað fíkniefni um ævina mjög lágt í Svíþjóð, og langt undir meðaltali í Evrópu, þannig að áherslur þeirra virðast skila tilsettum árangri. Margir fræðimenn hafa þó gagnrýnt stefnuna þar sem hún byggist á hræðsluáróðri og ríkið spili mikið úr jákvæðum árangri hennar á meðan dregið er úr því sem bendir til að hún virki ekki eins vel og sýnist (Tham, 2005). Einnig er tiltölulega há dánartíðni meðal fíkla í Svíþjóð, en árið 2017 voru 626 dauðsföll skráð sökum ofneyslu fíkniefna, eða 92 fyrir hverja milljón manns (EMCDDA, 2019c).

5.3 Holland

Hollandingar aðhyllast skaðaminnkandi stefnu í fíkniefnamálum. Grundvöllur fíkniefnastefnu Hollands, sem er frá árinu 1976, felur það í sér að fíkniefnamarkaðurinn skiptist í tvo flokka: vægari efni (Schedule I) og sterkari efni (Schedule II). Saksóknarar hafa leyfi til þess að sleppa refsingu fyrir minniháttar brot gegn fíkniefnalögum ef það er talið vera rétt með tilliti til almannahags (EMCDDA, 2019d).

Aðaláherslur í stefnunni eru fjórar:

- i. Að koma í veg fyrir neyslu fíkniefna og veita fíklum viðeigandi meðferð.
- ii. Að draga úr skaða fyrir aðra en neytendurna sjálfa.
- iii. Að koma í veg fyrir þau óþægindi sem verða af völdum fíkla.
- iv. Að berjast gegn framleiðslu og innflutningi ólöglegra fíkniefna.

Neysla fíkniefna er ekki skilgreind sem lögbrot í Hollandi en aðstæður eru þó til staðar þar sem neysla er ólögleg, ef hún stangast á við almannahag, t.a.m. í skólum og almenningsamgöngum. Neysluskammtur fíkniefna í Hollandi er 5 grömm af kannabis, 1 tafla eða 0,5 grömm af

MDMA, 0,5 grömm af heróíni og 0,5 grömm af kókaíni (EMCDDA, 2019d). Varsla neysluskammta þar í landi er ólögleg en þó sinnir lögreglan ekki eins ströngu eftirliti með slíku og í löndum þar sem hamlandi stefna ríkir, í stað þess að lögsækja þá sem gripnir eru með neysluskammt, undir 5 grömmum af kannabis, eru fíkniefnin einungis gerð upptæk. Framleiðsla, sala og afhending fíkniefna getur leitt til allt að 12 ára fangelsisvistar. (EMCDDA, 2019d).

Undanskilin þessum reglum eru sérstök kaffihús en síðan 1996 hefur verið hægt að sækja um sérstakt starfsleyfi frá yfirvöldum til að reka slíkt kaffihús. Þar er einungis leyfð sala á kannabisefnum en ekki öðrum fíkniefnum sem skilgreind eru sem sterkari (Schedule I). Árið 2017 voru slík kaffihús 567 talsins í Hollandi. Sala fíkniefna í þessum kaffihúsum er þó háð skilyrðum. Til dæmis má ekki notast við auglýsingar til að reyna að fá viðskiptavini til að versla kannabis, koma þarf í veg fyrir læti á almannaþæri inni á eða í kringum kaffihúsið og sala á öllum öðrum efnum en kannabis er bönnuð. Þá er bannað að hleypa inn eða selja einstaklingum undir lögdri kannabis, bannað er að selja meira magn en 5g í senn og mega kaffihúsin ekki hafa meira magn á lager en 500g (MacCoun og Reuter, 2001; de Quartel, 2004).

Í Hollandi er litið á fíkniefnaneytendur sem sjúklinga frekar en glæpamenn og er langt leiddum fíkniefnaneytendum því boðið upp á viðeigandi meðferðurræði í stað þess að draga þá í gegnum dómskerfið. Enda talið að dómstólaleiðin muni ekki skila tilsettum árangri (Leuw, 1991). Stefnan hefur skilað góðum árangri, sérstaklega fyrir þennan viðkvæma hóp og hefur það leitt til lægri dánartíðni meðal fíkla þrátt fyrir að hlutfall þeirra sem hafa einhvern tímann prófað kannabis sé frekar hátt meðal ungra einstaklinga í Hollandi (EMCDDA, 2019d).

5.4 Portúgal

Snemma á áttunda áratug tuttugustu aldar fór fíkniefnaneysla að vera sjáanlegt vandamál í Portúgal og var meira magn af fíkniefnum að koma inn í landið. Þetta varð til þess að yfirvöld settu ströng lög sem bönnuðu framleiðslu, sölu og neyslu fíkniefna. Litið var á fíkniefni sem hættuleg efni sem ógnuðu heilsu unglunga og uppsprettu glæpa í samfélaginu og því nauðsynlegt að setja lög um meðferð og forvarnir ásamt því að reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir framboð á fíkniefnum (EMCDDA, 2011). Árið 1987 var svo sett saman fyrstu heilsteypta fíkniefnastefnu Portúgals sem var ætlað að draga bæði úr framboði og eftirspurn á fíkniefnum til að bregðast við aukinni heróínneyslu. Auk vaxandi heróínneyslu fjölgaði AIDS

smitum meðal fíkniefnaneytenda verulega í landinu, fóru úr 47 árið 1990 í 590 árið 1997 (Hughes og Stevens, 2010).

Til að reyna að ná tökum á þróuninni var árið 1998 sett á nefnd til að endurskoða þáverandi vímuefnastefnu, niðurstaða þeirrar nefnda var að afgangur ætti einkaneyslu allra fíkniefna. Sú breyting tók gildi árið 2001 og gildir enn í dag. Nefndin taldi afgangur betri valkost en hamlandi stefnu þar sem sú stefna væri auglýsilega ekki að skila tilsettum árangri. Það var niðurstaða nefndarinnar að fíkniefnaneysla væri ekki vera svo hræðileg að bregðast ætti við henni með mikilli löggæslu og harðari refsingum. Auk þess var lögð áhersla á að ekki væri raunhæft að stefna á fíkniefnalaust samfélag og því væri afgangur sú lausn sem henta myndi best til að takast á við fíkniefnavandann (Domoslowski, 2011). Neysluskammtur er miðaður við skammt sem dugar neytanda í 10 daga, eða 25g af kannabis, 1g af MDMA, 1g af heróíni og 2g af kókaíni (EMCDDA, 2019e).

Aflæpavæðingin nær til kaupa, neyslu og vörslu allra fíkniefna til einkanota, varsla og neysla fíkniefna eru enn ólögleg en brotin eru ekki lengur skilgreind sem hegningarlögmót heldur sérreftilögmót, ekki er því rétt að yfir einstaklingum af dómstólum heldur eru sérstakar nefndir í hverjum bæ sem sjá um að taka slík mál fyrir en meginmarkmiðið með því er að athuga hvort þörf sé á meðferð og stuðla að því að fíkniefnaneytendi geti náð góðum bata (Alþingi, 2019). Ef grunur er um stórfellt brot sem varðar sölu eða smygl fíkniefna er brotamaður dæmdur af dómstólum og refsað eftir hegningarlögum (Greenwald, 2009). Samhliða breytingum í fíkniefnalöggjöfinni í Portúgal var miklum fjármunum varið í meðferðarúræði, forvarnir og endurhæfingu. Þessi leið á bjóða upp á mannúðlegri meðferð fyrir fíkniefnaneytendur með því að einblína á skaðaminnkandi aðferðir og auðvelda fíklum að leita sér hjálpar (Alþingi, 2019).

Andstæðingar stefnunar töldu að óhjákvæmilegur fylgifiskur þessarar breyttu stefnu væri aukin ferðamennska tengda fíkniefnaneyslu. Þeir töldu að ungt fólk myndi flykkjast til Portúgal til þess að neyta fíkniefna vegna þess að engin viðurlög væru þar við neyslu (Domoslowski, 2011). Það hefur þó ekki verið raunin því um 95% þeirra sem teknir eru fyrir brot eru Portúgalir og einungis um 1% frá Evrópusambandslöndum (Greenwald, 2009).

Þá hefur neysla fíkniefna haldist nokkuð stöðug síðan stefnunni var breytt um aldamótin, hinsvegar hefur dauðsföllum vegna ofneyslu fíkniefna fækkað talsvert og árið 2017 voru skráð dauðsföll vegna ofneyslu 30, eða 4 per milljón manns, sem er langt fyrir neðan meðaltal í Evrópu (EMCDDA, 2019e).

5.5 Samanburður á löndunum

Erfitt getur reynst að bera saman þessar mismunandi stefnur þar sem ekki er til neinn sérstakur mælikvarði á árangur vímuefnastefna auk þess sem tölurnar gefa ekki alltaf rétta mynd af stöðunni. Er það að hluta til vegna þess að í þeim löndum þar sem litið er á fíkniefnaneyslu sem mikið vandamál og neytendur eru fordæmdir eru mun færri sem eru tilbúnir að viðurkenna neyslu en í þeim löndum þar sem viðhorfin eru frjálslýndari (Boekhout van Solinge, 1997; Hughes og Stevens, 2010).

Þegar neysla fíkniefna í löndunum fjórum er borin saman sést að Holland hefur hæsta hlutfall ungmenna sem hefur neytt kannabis. Þar hafa um 17,5% einstaklinga á aldrinum 15 til 34 ára neytt kannabis á síðastliðnum árum á meðan hinar þjóðirnar eru allar í kringum 10%. Í Noregi er hlutfallið 10,1% ungmenna sem hafa neytt kannabisefna á síðasta ári, 9,6% í Svíþjóð og 8% í Portúgal (EMCDDA, 2019c). Ef litið er síðan á neyslu sterkari efna er ljóst að hlutfall ungmenna sem neyta þeirra er lægra en þeirra sem hafa neytt kannabis. Í Hollandi hafa 7,1% neytt MDMA á síðasta ári og 4,5% kókaíns (EMCDDA, 2019d). Í Noregi höfðu 2,2% ungmenna neytt MDMA og 2,1% kókaíns á meðan 1,2% Svía höfðu neytt MDMA og 2,5% kókaíns (EMCDDA, 2019b). Hlutfall þeirra sem neytt höfðu sterkari efna í Portúgal var hinsvegar talsvert lægri, þar sem 0,2% ungmenna höfðu neytt MDMA á síðasta ári og 0,3% kókaíns (EMCDDA, 2019e). Holland er því líka með hæsta hlutfallið þegar kemur að neyslu sterkra efna og síðan koma Norðurlöndin og Portúgal með lægsta hlutfallið.

Þegar dánartíðni meðal fíkniefnaneytenda hjá þessum löndum er skoðuð sést að þó Holland sé með hæsta hlutfall ungmenna sem neyta fíkniefna að þá eru þeir ekki með hæstu dánartíðnina (EMCDDA, 2019d). Hæsta dánartíðnin er í Svíþjóð en árið 2017 létu 626 einstaklingar lífið vegna ofneyslu fíkniefna þar í landi, eða 92 fyrir hverja milljón íbúa (EMCDDA, 2019c). Næst á eftir kemur Noregur, þar sem skráð dauðsföll vegna ofneyslu fíkniefna voru 282, eða 75 fyrir hverja milljón íbúa (EMCDDA, 2019b). Skráð dauðsföll í Hollandi á sama tíma voru 262, eða 22 fyrir hverja milljón íbúa. Í Portúgal voru skráð dauðsföll 30 talsins, eða rétt um 4 fyrir hverja milljón íbúa (EMCDDA, 2019e). Það er því ekki hægt að segja að það haldist í hendur hlutfall þeirra sem neita fíkniefna og þeirra sem láta lífið vegna þeirra.

Greinilegt er því að sú hamlandi stefna sem Svíar styðjast við er ekki að koma í veg fyrir það að einstaklingar prufi fíkniefni á lífsleiðinni ásamt því að hlutfallslega láta mun fleiri lífið vegna

ofneyslu fíkniefna í Svíþjóð en í Portúgal, því landi sem gengið hefur hve lengst í aflagpavæðingu.

Bendir þetta til þess að skaðaminnkandi vímuefnastefna Portúgala sé að skila tilsettum árangri og má því spyrja sig hvort aflagpavæðing neysluskammta sé stefna sem gæti skilað sambærilegum árangri hér á landi. En ef skoða á þann möguleika hér á landi, hvaða efni á að aflagpavæða og hvernig skilgreinum við neysluskammt?

6 Fíkniefni á Íslandi

6.1 Upphaf fíkniefnalöggjafar á Íslandi

Íslendingar hafa til þessa ekki mótað heilsteypa vímuefnastefnu líkt og finna má í nágrannalöndum okkar en það felur þó ekki í sér að tekið sé vægt á slíkum brotum hér á landi. Þvert á móti aðhyllast íslensk stjórnvöld hamlandi leiðina með það að megin markmiði að fækka fíkniefnatengdum brotum með virku eftirliti (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007). Þrýst hefur verið á stjórnvöld að setja saman heilsteypa stefna í kjölfar þeirra vandamála sem komið hafa upp hér á landi varðandi ofneyslu lyfseðilskindra efna og mikil HIV smit meðal sprautufíkla (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Rekja má löggjafir tengdar vímuefnum hér á landi til ársins 1915, þegar áfengisbannið tók gildi, urðu Íslendingar með því fyrsta þjóð heims til að gera vímuefnið bannað með lögum, það bann stóð til ársins 1989. Íslenska fíkniefnalöggjöf má hins vegar rekja til ársins 1912, þegar þjóðin gerðist aðili að sáttmálanum um að hefða verslun með ópíum, morfín, heróín og kókaín. Ópíum löggin tóku síðan gildi formlega árið 1923, sem gerir þau að fyrstu íslensku fíkniefnalögum (Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Lítið reyndi á löggjöfina í fyrstu, það var ekki fyrr en árið 1969 þar sem fyrst var haldlagt fíkniefni hér á landi, sama ár og kannabis og LSD var bætt á lista ólöglegra efna. Á þessum tíma var fíkniefnaneysla að aukast í kjölfar breytta lífshátta ungs fólks, samfara þeirri aukning komu fram kröfur um hertara eftirlit og hækkaðar refsingar fyrir fíkniefnabrot ásamt því að skilgreina þurfti refsiverða hegðun ítarlega. (Aldís Yngvadóttir, Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, 1998; Ómar H. Kristmundsson, 1985).

Bandarísk löggjöf hafði mikil áhrif á mótun fíkniefnalaga hér á landi og víðar um Evrópu. Á áttunda áratug síðustu aldar settu Bandaríkjamenn mikla pressu á stjórnvöld að endurskoða aðferðir sínar og nýta sér leyniaðgerðir til þess að uppræta fíkniefnabrot. Í kjölfar þess var sett á laggirnar sérstök fíkniefnalögregla á Íslandi sem hlaut þjálfun Bandaríkjamanna í aðgerðum tengdum fíkniefnalöggæslu. Það var síðan árið 1973 sem settur var á sérstakur dómstóll tileiknaður málum er vörðuðu ávana- og fíkniefni sem starfaði samhliða fíkniefnalögreglunni (Gunnlaugsson og Galliher, 2000).

Árið 1974 voru ný lög sett til að taka við af ópíum lögunum sem þóttu ekki vera nægilega ítarleg, var þetta gert til að takast á við vandamálið sem orðið var alvarlegra en áður ásamt því að samræma þurfti íslenska löggjöf við það sem þekktist í hinum Norðurlöndunum. Með þessari

breytingu hækkaði hámarksrefsing fyrir fíkniefnabrot úr sex í tíu ár (Ómar H. Kristmundsson, 1985). Síðan þá hafa lögini tekið miklum breytingum, aðallega hvað varðar hámarkssektir og refsiramma. Í núverandi fíkniefnalöggjöf á Íslandi er hámarkssekt fyrir brot 6 milljónir og hámarksrefsing 12 ára fangelsisvist.

6.2 Núverandi fíkniefnalöggjöf og viðhorf Íslendinga

Samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 er innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla fíkniefna ólögleg athæfi án þess að sérstakur greinarmunur sé gerður á mismunandi fíkniefnum. Ef einstaklingur gerist sekur um að afhenda mörgum einstaklingum fíkniefni, selja fyrir verulegt gjald eða brjóta af sér á annan sérstaklega saknæman hátt getur hann hlotið refsingu, allt að 12 ára fangelsisvist. Sama refsing liggur við brotum þar sem einstaklingur framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum fíkniefni sem ætluð eru til afhendingar margra (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). .

Í lok árs 2018 var framkvæmd rannsókn fyrir Embætti landlæknis sem fjallaði um ólöglega vímuefnanotkun Íslendinga ásamt því að spurt var um viðhorf almennra borga til málefna tengdum vímuefnum (Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, 2019). Rúmlega 1 af hverjum 3 Íslendingum á aldrinum 18 til 67 ára hafði á einhverjum tímapunkti á ævi sinni neytt kannabisefna. Karlar eru líklegri en konur til þess að hafa neytt vímuefna, sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga á milli 18 til 34 ára (Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, 2019). Mikill meirihluti þeirra sem neytt höfðu kannabisefna yfir ævina gerðu það fyrir meira en 12 mánuðum og í flestum tilvikum var það einungis eitt eða tvö skipti. Þegar skoðað var síðan neyslu yfir ævina á fimm algengustu vímuefnunum sem finnast á Íslandi, kannabis, amfetamíni, kókaíni, sveppum, e-pillum og sýru kom í ljós að það fíkniefni sem algengast er hér á landi er kannabis, en 36% einstaklinga á aldrinum 18-67 ára höfðu á einhverjum tímapunkti neytt kannabis. Af þessu má dæma að fyrsta vímuefni sem einstaklingar neyta á ævi sinni er í flestum tilvikum kannabis, sennilega vegna þess að ungt fólk fiktar í eitt og eitt skipti við grasreykingar og hættir síðan eða fer yfir í neyslu sterkari efna, einungis 2% þeirra sem höfðu neytt einhvers konar vímuefna höfðu ekki neytt kannabis (Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, 2019).

7 Fíkniefnamarkaðurinn á Íslandi

Eins og áður segir þá einkennir hamlandi nálgun stefnu íslenskra stjórnvalda frekar en skaðaminnkandi stefna. Þó hefur umræða um aðgerðir í átt til skaðaminnkunar vaxið verulega hér á landi á síðustu misserum. Einn þáttur slíkrar umræðu hefur snúið að því hvernig skilgreina skuli neysluskammta. Sem innlegg í þá umræðu er vert að skoða gögn lögreglu yfir haldlögð fíkniefni og hvaða viðmið eru um neysluskammta þar. Hér er því unnið með gögn frá Lögreglustjóranum á Höfuðborgarsvæðinu þar sem skoðað er haldlagt magn fíkniefni í málum vegna gruns um neyslu eða vörslu fíkniefna frá árinu 2010 til 2019. Einungis er um að ræða tilvik þar sem lögregla lagði hald á efni hjá einstaklingi og grunur var um vörslu til eigin neyslu en ekki önnur brot eins og sölu eða dreifingu fíkniefna. Í sumum tilvikum grunar lögregla að um sölu gæti verið að ræða en getur ekki sannað það svo málin skrást sem varsla. Slík mál rugla aðeins tölfræðina því magnið er oft ívið meira en í vörslu málum. Hér er því unnið annars vegar með meðal magn sem haldlagt er og hins vegar hvaða magn er oftast tekið.

Þegar einstaklingur er tekinn með efni þá er hann alla jafna með þau í einhvers konar pakkningu eða íláti. Lögregla skráir í sín kerfi hverja einingu sem eina haldlagningu. Þannig að ef einstaklingur er tekinn með margra poka af amfetamíni með 1 grammi í hverjum þá er hver poki skráður sem ein haldlagning eða ein eining. Meðaltal er síðan reiknað út frá þessum haldlagningum sem og tíðasta gildið.

Þó svo gögn lögreglu segi aðeins til um þau efni sem lögregla finnur og leggur hald á en ekki almenna neyslu í samfélaginu þá er líklegt að það magn sem lögregla er að taka gefi vísbendingar um neyslueiningar sem miðað er við. Gögnin hér segja ekkert til um hreinleika efnanna eða almenna dreifingu í samfélaginu. Þá er hér aðeins fjallað um þau efni sem oftast eru tekin en þó er vitað að lyf eru til dæmis mjög útbreidd meðal þeirra sem eru ánetjaðir fíkniefnum en vegna þess hvernig þau eru skráð í kerfi lögreglu þá er mjög erfitt að ná utan um skammtastærð og því ekki fjallaðu um þau hér.

7.1 Tegundir efna

Á síðustu árum hefur fíkniefnabrotum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað nokkuð en í kringum árið 2010 voru þau að jafnaði um 1.000 á ári en á síðustu árum hafa þau verið nær 1.600 á ári. Flest þessara mála tengjast vörslu og meðferð ávana og fíkniefna eða í kringum 70% mála á hverju ári. Mest magn er hins vegar tekið vegna framleiðslu og innflutnings fíkniefna. Miklar sveiflur er í því magni fíkniefna sem lögregla leggur hald á á hverju ári. Tafla 1 sýnir helstu magntölur á árunum 2010 til 2018 (Fannar Kristmannsson og Jónas Orri Jónasson, 2019)

Tafla 1. Haldlagt magn fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu 2010 til 2018

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Hass (g)	13.626	1.377	546	173	357	1.395	646	23.971	782
Marijúana (g)	25.245	27.856	19.743	30.786	56.662	46.033	30.754	26.717	70.833
Amfetamín (g)	7.974	30.897	10.736	28.145	3.438	22.658	8.801	12.701	3.406
Metamfetamín (g)	11	17	0	81	68	13	1.014	302	68
Ecstasy (g)	125	236	894	101	144	3.513	1.814	4.351	756
Ecstasy (stk)	15.084	47.842	1.073	573	1.321	4.035	1.829	2.173	7.916
Kókaín (g)	4.116	1.929	4.279	830	980	6.027	621	2.016	6.375
Heróín (g)	0,0	0,0	0,0	0,9	0,0	0,4	0,0	8,7	25,0
LSD (stk)	503	4.488	14	115	2.761	700	370	501	2.821

Sjá má að Kannabis/Marijúana er það efni sem mest er tekið á hverju ári. Það er jafnframt það efni sem mest er neytt af í heiminum.. Árið 2017 voru yfir 782.000 mál innan Evrópu þar sem kannabis var gert upptækt og voru yfir 675 tonn af kannabis eða afleiðuefnum þess gerð upptæk á sama ári, sem er talsvert meira magn en gert var upptækt af t.d. kókaíni sem er næst mest notaða fíkniefni heims. Samkvæmt göngum EMCDDA hefur styrkur kannabisefna aukist talsvert frá árinu 2007 á meðan verðið hefur haldist nokkuð stöðugt (EMCDDA, 2019a).

Kannabis er af mörgum talið vægasta fíkniefnið á markaðnum, auk þess sem flestir þeirra sem neyta fíkniefna reykja einungis kannabis eða byrjuðu á því áður en þau prófuðu nokkur önnur efni. Með því að skoða neyslu kannabis er því hægt að fá góða mynd af því hversu margir í samfélaginu hafi prófað fíkniefni (Golub og Johnson, 2002). Oft er talað um kannabis sem svokallað „Gateway drug“ en þá er því haldið fram að regluleg neyslu kannabis á ungum aldri geti orðið til þess að einstaklingar leiðist út í neyslu harðari efna seinna á lífsleiðinni.

Það efni sem næst mest er tekið af er amfetamín en mikil aukning hefur verið á neyslu amfetamíns frá aldamótum, líklega vegna þess hve mikið ódýrara það er en kókaín svo margir neytendur neyðast til þess að færa sig yfir í amfetamín. Þá eru vísbendingar í haldlagningum um það að amfetamín hafi verið lengur hér á markaði en kókaín og í mun meiri útbreiðslu. Á síðastliðnum áratugi hefur einnig verið hæg aukning á neyslu metamfetamíns en það efni er þó enn í mun minni dreifingu en amfetamín. Árið 2017 voru yfir 35.000 mál innan Evrópu þar sem amfetamín var gert upptækt, í heild um 6,4 tonn (EMCDDA, 2019a).

MDMA, eða ecstasy, er það psychadelic efni sem mest er neytt af í heiminum. Árið 2017 voru yfir 23.000 mál þar sem efnið var gert upptækt, í heild voru það yfir 6,6 milljón e-pillur eða um 1,7 tonn af MDMA. Styrkur þess hefur aukist verulega á síðustu árum á meðan verð hefur lækkað lítillega, MDMA kom fyrst til Íslands í miklu mæli árið 1995 og hefur verið til staðar allar götur síðan. Eins og sjá má á haldlagningum hefur mikil aukning verið á neyslu þess hér á landi á síðustu árum. Efnið er selt bæði í duftformi og sem svokallað e-pillur, sem eru mest notaðar í sambandi við skemmtanir hjá yngra fólki og er einungis lítil hluti þeirra sem neyta MDMA þekktir sem vímuefnaneytendur eða fíklar. Þó neyslu þess sé ekki algeng á meðal langt leiddra fíkla er mikil hættu á að ofneyslu MDMA vegna þess að talsverður munur getur verið á styrkleika efnisins eftir framleiðanda (EMCDDA, 2019a).


Kókaín er það fíkniefni sem er næst mest magn er neytt af árlega í heiminum, árið 2017 komu upp yfir 104.000 mál innan Evrópu þar sem kókaín var gert upptækt, í heildina voru um 140,4 tonn af kókaíni gerð upptæk sama ár. Styrkur hefur verið að aukast sífellt frá árinu 2010 og hefur það náð einskonar hámarki núna á meðan verðið á grammi hefur haldist nokkuð jafnt, má því segja að aldrei hafi verið eins auðvelt að komast yfir mjög hreint kókaín á lágu verði (EMCDDA, 2019a). Kókaín er mjög ávanabindandi efni og þróast fíknin oft hratt hjá þeim sem leiðast út í neyslu þess, yfirleitt á vikum eða mánuðum. Kókaín hefur mikil örvandi áhrif á

heilann sem getur leitt af sér ýmis neikvæð líkamleg og andleg áhrif fyrir neytandann, sem getur gerst sýnilegt í skapstyggð og ofbeldishneigð í garð annarra (SÁÁ, e.d.).

Kókaín er dýrt fíkniefni og hefur það því fengið á sig orðspor sig sem fíkniefni ríka mannsins, þess vegna má greinilega sjá breytingar í haldlögðu magni efnisins í takt við efnahagsstöðu landsins. Eftir efnahagshrunið 2008 fækkaði haldlagningum efnisins talsvert og náði lágmarki árið 2014, þar sem lagt var hald á 1,7kg af kókaíni, en eftir því sem efnahagur landsins hefur bæst og fólk virðist hafa meira á milli handana hefur það magn aukist talsvert og náði hámarki árið 2017, en þá var lagt hald á 26,9kg af kókaíni (Ríkislögreglustjóri, 2019).


8 Niðurstöður

Marijúana það efni sem oftast er haldlagt af lögreglunni í málum þar sem um er að ræða vörslu eða neyslu fíkniefna en á síðustu árum hefur mikil aukning verið í haldlagningu örvandi efna eins og amfetamíns og kókaíns, þá sérstaklega amfetamíns sem er talsvert ódýrara efni og þar af leiðandi meira neytt meðal fíkla.




Mynd 1: Fjöldi haldlagninga á höfuðborgarsvæðinu eftir efnum á árunum 2010 til 2019.

Eins og sjá má á mynd 1 er marijúana það efni sem oftast er haldlagt af lögreglunni í málum þar sem um er að ræða vörslu eða neyslu en á síðustu árum hefur mikil aukning verið í haldlagningu örvandi efnanna amfetamíns og kókaíns, þá sérstaklega amfetamíns sem er talsvert ódýrara efni og þar af leiðandi meira neytt meðal fíkla. Mikil aukning á haldlagningu kókaíns á árunum 2016-2018 er í samræmi við þá hugmynd að neysla kókaíns aukist eftir því sem efnahagurinn bætist. Sjá má að talsvert færri haldlagningar voru framkvæmdar árið 2019 en á árunum þar áður. Líkleg ástæða þess er sú að lögreglan hefur verið minni tíma og fjármagni í aðgerðir er snúa að vörslu og neyslu á síðustu árum á meðan meiri áhersla hefur verið lögð á mál er varða innflutning og framleiðslu fíkniefna.




Mynd 2: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem amfetamín var til staðar og það magn sem oftast var tekið. Eins og sjá má á mynd 2 er mikill munur á því ár frá ári hversu stórir skammtar eru haldlagðir af amfetamíni á meðan algengasta magn sem haldlagt er hefur haldist stöðugt. Á árunum 2010-2018 hélst sú skammtastærð sem oftast var haldlögð í málum þar sem grunur var um vörslu og neyslu í kringum 1 gramm.



Mynd 3: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem kókaín var til staðar og það magn sem oftast var tekið


Eins og sjá má á mynd 3 hefur meðaltal kókaíns sem haldlagt hefur verið í málum þar sem grunur er um vörslu og neyslu haldist nokkuð stöðugt á milli 1,2 til 2,2 gramma á síðasta áratugi.

Sömuleiðis hefur algengasta skammtastærð haldist jöfn um 1 gramm fyrir utan mikla niðursveiflu árið 2014.



Mynd 4: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem ecstasy (MDMA) var til staðar og það magn sem oftast var tekið


Eins og sjá má á mynd 4 hefur mikið ójafnvægi verið á bæði meðaltali og algengustu skammtastærð MDMA á árunum 2010-2019. Þessi þróun er í samræmi við það sem sjá má á mynd 1, en þar sést að mikil aukning hefur verið á haldlagningum MDMA frá árinu 2014. Meðal skammtastærð hefur þó minnkað á síðustu árum og haldist nokkuð stöðugt á milli hálfis og eins og hálfis gramms á meðan algengast er að einstaklingar séu gripnir með á milli hálf og eitt gramm í málum þar sem grunur er um vörslu og neyslu.



Mynd 5: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem maríjúana var til staðar og það magn sem oftast var tekið.

Eins og sjá má á mynd 5 er meðal magnið sem haldlagt hefur verið af maríjúana í málum þar sem grunur er um vörslu og neyslu talsvert hærra en af öðrum efnum á meðan algengasta magn hefur haldist stöðugt. Má því gera ráð fyrir því að um færri stór mál sé að ræða þar sem maríjúana var til staðar en önnur efni sem farið hefur verið yfir.

Hinsvegar hefur það magn sem oftast er haldlagt haldist nokkuð jafnt á þessu sama tímabili. Hæst var það tæp 2 grömm árið 2010 og hefur síðan þá haldist jafnt í kringum 1 gramm fyrir utan árið 2018 þegar það fór niður í um 0,25 grömm.



Mynd 6: Meðal magn sem haldlagt var í neyslumálum á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2010 til 2019 þar sem hass var til staðar og það magn sem oftast var tekið

Lítið magn af hassi er í umferð hér á landi og má sjá það bersýnilega á því magni sem algengast er að haldlagt sé af lögreglu hér á landi, um og undir 0,25 grömm, ásamt því að eins og sjá má á mynd 1 að haldlagningar hafa farið úr 27 árið 2010 niður í 9 árið 2019.

9 Umræða

Allt frá því að Ópíum lögin voru samþykkt árið 1912 hafa flestar þjóðir heims verið fylgjandi hamlandi stefnunni í fíkniefnalöggjöf. Að fyrirmynd Bandaríkjamanna hófu þjóðir að verja meiri tíma og pening í það að auka löggæslu ásamt því að refsingar fyrir fíkniefnabrot voru þyngdar (Greenwald, 2009). Samkvæmt hamlandi stefnunni er besta leiðin til að takast á við fíkniefnavandann að einstaklingar séu beittir hörðum viðurlögum fyrir brot, hvort sem það séu smávægileg brot eins og varsla eða neysla fíkniefna eða stærri brot er varða innflutning eða sölu (Mendes og McDonald, 2001).

Það var ekki fyrr en árið 1988 sem fyrst var gerður skýr greinarmunur á fíkniefnabrotum þar sem varsla og kaup fíkniefna til eigin neyslu varð að sérstöku broti, aðskilin frá innflutningi eða vörslu fíkniefna til sölu (EMCDDA, 2003). Af þeim fjórum þjóðum sem fjallað var um í þessari ritgerð eru tvær fylgjandi skaðaminnkandi stefnu þegar kemur að fíkniefnalöggjöf, Portúgal og Holland. Í þeim löndum virðist betur haldið utan um þá hópa sem eiga erfiðast í samfélaginu og eru í mestri hætti, sprautufíkla og langt leidda fíkla. Erfitt er að segja til um hve góðum árangri þær þjóðir hafa náð í að takast á við fíkniefnavandann en ef við skoðum einungis dánartíðnina á meðal fíkla má sjá að hún er talsvert lægri í Hollandi og Portúgal en í Noregi og Svíþjóð sem gefur til kynna að stefnan sé að skila árangri.

Á síðustu árum og áratugum hefur þróunin verið í átt að skaðaminnkandi stefnu í fíkniefnalöggjöf hér á landi en skaðaminnkun er stefna sem snýr að neytendum sjálfum og getur verið til staðar í þjóðum hvort sem refsistefna er notuð eða hún verið afnumin. Skaðaminnkun snýst í grófum dráttum um það að fagaðilar og lögreglumenn komi fram við neytendur af meiri skilningi og virðingu því löngunin í vímu sé fremur sjúkdómur en einbeittur brotaviljmi (Hughes og Stevens, 2007). Þetta viðhorf kemur skýrlega fram hér á landi en mikill meirihluti landsmanna eru á því að líta eigi á einstaklinga sem háðir eru vímuefnum sem sjúklinga fremur en afbrotamenn. Sem sjálfkrafa leiðir til spurninga um það hvort afglæpavæðing, þar sem tekið er á vandamálum fíkla af heilbrigðisyfirvöldum frekar en dómskerfinu geti skilað árangri (Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson, 2019).

Afglæpavæðing hefur ekki eina ákveðna merkingu en felur í sér þá breytingu að hegðun sem áður var talin refsiverð er það ekki lengur. Með afglæpavæðingu neysluskammta er átt við það að ekki sé refsivert að vera með neysluskammt fíkniefna í förum sínum, er þá leyfilegt í flestum

tilfellum að kaupa og neyta og eiga smáan skammt fíkniefna til persónulegra nota (Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson, 2014).

Erfitt getur þó verið að gera skýran greinarmun á milli þess þegar fíkniefni eru til eigin neyslu eða eru ætluð til sölu, en öll lönd hafa sín eigin viðmið þar sem brot fara úr því að vera minniháttar brot fyrir vörslu neysluskammts yfir í mögulega sölu. Miklu máli skiptir að draga mörkin á réttum stað vegna þess að ef þau eru of lág getur það orðið til þess að neytendur, sem markmiðið á að vera að aðstoða, séu dæmdir harkalega líkt og fíkniefnasalar, og ef mörkin eru of há getur gert fíkniefnasölum auðvelt fyrir að halda sinni starfsemi áfram án mikillar afskipta lögreglu eða hættu á að hljóta dóm (EMCDDA, 2003).

Ekki hefur verið ákvarðað hvað einn skammtur af fíkniefnum sé hér á landi en út frá gögnum Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu um haldlagningar má reyna að setja upp skýrari mynd af því hve stór einn skammtur af hverju efni sé í raun og veru. Öll efnin sem skoðuð voru áttu það sameiginlegt að algengast var að oftast var 1 gramm haldlagt af lögreglu, getur það þó verið sökum þess að það er algengasta sölueining efnanna og er það jafnast það magn sem mest eftirspurn er eftir.

Mismunandi er eftir löndum hvaða aðferðir eru notaðar til að ákvarða hver mörkin séu fyrir neysluskammt, ýmist eru mörkin ákveðið magn skammta, ákveðin grömm fíkniefnis eða ákveðin grömm virka efnisins (EMCDDA, 2003). Ef skoða á að afgangavæða neysluskammta þyrfti að ákveða hvað miða skuli við, t.a.m. hafa stjórnvöld í Portúgal miðað við að löglegt sé að hafa í vörslu sinni það magn sem dugi neytanda fyrir 3 skammta á dag í 10 daga. Ef við miðum við meðalmagn sem haldlagt var á síðustu tíu árum hér á landi er neysluskammtur maríjúana 11,5 grömm, kókaíns 1,5 grömm, amfetamíns 3,1 gramm og ecstasy 1,2 grömm. Tel ég að best væri að miða við þetta magn í stað ákveðins fjölda skammta þar sem erfitt er að finna eina gullna reglu um það hvað teljist eðlilegur neysluskammtur.

Heimildaskrá

- Aldís Yngvadóttir, Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson. (1998). Áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940
- Alþingi. (2019). *Afglæpavæðing fíkniefna: Úttekt.* Sótt af https://www.althingi.is/media/rannsoknathjonusta/rannsoknir_415_.pdf
- Atli Steinn Guðmundsson. (2019, 19. desember). Norsk tilslökun í fíkniefnamálum. *Mbl.is*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/erlent/2019/12/19/norsk_tilslökun_i_fikniefnamalum/
- Bandura, Albert. (1973). *Aggression: a social learning analysis*. Englewood Cliffs, New Jersey: Prentice-Hall.
- Bayer, R. (1991). Introduction: The great drug policy debate: What means this thing called decriminalization? *The Milbank Quarterly*, 69(3), 341-363. doi:10.2307/3350101
- Boekhout van Solinge, T. (1997). *The Swedish Drug Control System: An in-depth Review and Analysis*. Amsterdam: Uitgeverij Jan Mets / CEDRO.
- Bretteville-Jensen, A. (2006). To legalize or not to legalize? economic approaches to the decriminalization of drugs. *Substance use & Misuse*, 41(4), 555-565. doi:10.1080/10826080500521565
- de Quartel, J. (2004). *Country Profile –The Netherlands*. Lisbon: EMCDDA. Sótt af <http://www.emcdda.europa.eu/html.cfm/index5174EN.html#c1>
- Domoslawski, Artur. (2011). *Drug Policy in Portugal: The Benefits of Decriminalizing Drug Use*. (Hanna Siemaszko þýddi úr pólsku yfir í ensku). Warsaw: Open Society Foundations.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2007). *Lögregluáætlun: 2007-2011*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- EMCDDA. (2003). *The role of the quantity in the prosecution of drug offences*. Sótt af <http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/10503/Quantities.pdf>
- EMCDDA. (2011). *Drug Policy Profile: Portugal*. Lúxemborg: Publications Office of the European Union.
- EMCDDA. (2015). *Annual report 2015: The state of the drugs problem in Europe*. European monitoring centre for drugs and drug addiction. Luxembourg: Publications office of the European Union.

- EMCDDA. (2019a). *European Drug Report: Trends and Developments*. Sótt af http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/11364/20191724_TDAT19001ENN_PDF.pdf
- EMCDDA. (2019b). *Norway Country Drug Report 2019*. Sótt af http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/11348/norway-cdr-2019_0.pdf
- EMCDDA. (2019c). *Sweden Country Drug Report 2019*. Sótt af http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/11354/sweden-cdr-2019_0.pdf
- EMCDDA. (2019d). *Netherlands Country Drug Report 2019*. Sótt af <http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/11347/netherlands-cdr-2019.pdf>
- EMCDDA. (2019e). *Portugal Country Drug Report 2019*. Sótt af http://www.emcdda.europa.eu/system/files/publications/11331/portugal-cdr-2019_0.pdf
- Golub, A. og Johnson, B. D. (2002). „Substance use progression and hard drug use in innercity New York“, í D. B. Kandel (ritstjóri), *Stages and Pathways of Drug Involvement: Examining the Gateway Hypothesis* (bls. 90-112). New York: Cambridge University Press.
- Greenwald, G. (2009). *Drug Decriminalization in Portugal: Lessons for Creating Fair and Successful Drug Policies*. Washington, D.C.: Cato Institute.
- Gunnlaugsson, H. og Galliher, J. F. (2000). *Wayward Icelanders: Punishment, Boundary Maintenance, and the Creation of Crime*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Helgi Gunnlaugsson. (2015, 1. júní). Forvarnir: Fræðslumálþing um kannabis. Sótt af <https://www.youtube.com/watch?v=W1BbMnydBpo>
- Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson. (2014). Gengur afstaða Íslendinga í berhögg við ríkjandi refsipólítík? Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/19968>
- Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson. (2015). Réttartilfinning Borgaranna: Vilja Íslendingar Refsa Fyrir Vændi Og Neyslu Fíkniefna? Í Helga Ólafs og Thamar M. Hejistra, *Rannsóknir í félagsvísindum XWI: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2015*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23161>

- Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson. (2015). Réttartilfinning borgaranna: Vilja Íslendingar refsa fyrir vændi og neyslu fíkniefna? Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23161>
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotafræði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2013). Fíkniefni, íslenskt Samfélag Og Nýir Kostir í Stefnumótun; Drugs, Icelandic Society and New Policy Measures.
- Helgi Gunnlaugsson. (2018). Afbrot og íslenskt samfélag. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 128-139.
- Hughes, C. E. og Stevens, A. (2010). What Can We Learn From the Portuguese Decriminalization of Illicit Drugs? *The British Journal of Criminology*, 999-1022.
- Hughes, E. C. og Stevens, A. (2007). The effects of decriminalization of drug use in Portugal. The Beckley foundation drug policy programme, briefing paper fourteen. Sótt af https://kar.kent.ac.uk/13325/1/BFDPP_BP_14_EffectsOfDecriminalisation_EN.pdf.pdf
- Korf, D. J. (2002). Dutch Coffee Shops and Trends in Cannabis Use. *Addictive Behaviors*, 27, 851-866
- Lög nr. 22/1955 um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma
- MacCoun, R. J. og Reuter, P. (2001). Drug War Heresies – Learning from other vices, times & places. United Kingdom: University of Cambridge, 238-251.
- Mendes, S. M. og McDonald, M. D. (2001). Putting severity of punishment back in deterrence Package. *Policy Studies Journal*, 29(4), 588-610.
- Musto, D. F. (1973). *The American Disease: Origins of Narcotics Control*. New Haven, CT: Yale University Press
- Ómar H. Kristmundsson. (1985). Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Rafn M. Jónsson og Sveinbjörn Kristjánsson. (2019). Félagslegur ójöfnuður í heilsu á Norðurlöndunum. *Talnabrunnur*, 13(4), 3-5. Sótt af https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item37336/Talnabrunnur_Ma%C3%AD_2019.pdf
- Ramsland, K. (2009). The measure of a man: Cesare Lombroso and the criminal type. *Forensic Examiner*, 18(4), 4. 70-72.
- Rauði Krossinn. (e.d.). Frú Ragnheiður. Sótt af <https://www.raudikrossinn.is/hvad-gerum-vid/fru-ragnheidur>

- Ríkislögreglustjóri. (2019). *Afbrotatölfræði 2018*. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/05/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2018-29.5.2019.pdf>
- Sameinuðu þjóðirnar. (2007). *Sweden's Successful Drug Policy: A Review of the Evidence*. New York: United Nation Publication.
- Sameinuðu þjóðirnar. (2008). *World Drug Report: 2008*. New York: United Nation Publication
- Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. (e.d.). Örvandi efni. Sótt af <http://saa.is/grein/orvandi-efni/>
- Siegel, Larry. (2009). *Criminology* (10. útgáfa). Belmont, CA: Thomson/Wadsworth.
- Tham, H. (2005). Swedish Drug Policy and the Vision of the Good Society. *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 6, 57-73.
- Velferðarráðuneytið. (2016). *Skýrsla heilbrigðisfóherra um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum og samfélaginu heild*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettir2016/fykniskyrsla_30082016.pdf

